



**VEIÐIMÁLASTJÓRI**  
Directorate of Freshwater Fisheries

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/987*  
*7.3.2005*  
komuáætt 7  
110 Reykjavík, Iceland  
Sími: 567 6400 • Bréfsími: 567 8850  
Netfang: veidimalastjorn@veidimalastjori.is

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

3. mars 2005

### **Frumvarp til vatnalaga, 413. mál, heildarlög**

Undirrituðum hefur borist til umsagnar frumvarp til vatnalaga, 413. mál, heildarlög. Þar sem núgildandi vatnalög eru að stofni til frá 1923, er endurskoðun að mörgu leyti tímabær en gæta þarf þess að enduskoðuð lög séu í samræmi við og taki tillit til annarra laga, sem fjalla um nýtingu á vatni og auðlindum þess.

Þegar á heildina er litið virðist frumvarpið taka lítið tillit til áhrifa vatnsveitna og virkjunar vatnsfalla á lífríki og fisktegundir. Hvergi er vikið að umsögnum eða samþykki veiðifélaga við vatnsföll varðandi ofangreindar framkvæmdir, sem þó geta haft mjög afgerandi áhrif á hagsmuni þessara aðila.

Í lögnum er horfið til þess ráðs að skilgreina hagsmunaaðila við ár og vötn sem fasteignaeigendur án tillits til stærðar fasteignar. Samkvæmt því virðist réttur sumarbústaðareiganda til vatnsöflunar og orkunýtingar jafnmikill og réttur lögbýlis, sem að hluta byggir afkomu sína á skynsamlegri nýtingu vatnsins og þeirra auðlinda, sem í því eru. Samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum eru eigendur lögbýla skyldaðir til að mynda veiðifélög um nýtingu fiskstofna í veiðiá. Virkjun á viðkomandi vatnsfalli eða óheyrileg vatnstaka er augljóslega mjög oft andstæð hagsmunum fiskstofna og þeirra aðila sem þá nýta og vatnsaflsvirkjanir hafa átt stóran þátt í hnignun laxastofna víða erlendis.

Dæmi um þetta er að finna í 18. grein frumvarpsins, þar sem fyrst og fremst er lögð áhersla á það, að virkjun á fallvatni megi ekki svipta aðra landeigendur vatni né baka þeim óþægindi án þess að minnst sé á það óhagræði, sem slíkar virkjanir geta haft fyrir fiskgengd og búsvæði í slíku fallvatni, ef það er líka veiðivatn. Hér ættu aðilar að minnast þeirra deilna, sem urðu um virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu á sjöunda áratugnum, en flestar virkjanir hér á landi hafa sem betur fer verið á hálendinu og því haft lágmarksáhrif á afkomu og göngur laxfiska. Hinsvegar eru ýmis teikn á lofti um breytingu á þessu með aukningu í virkjun minni vatnsfalla. Sama gildir raunar um 19. og 20. grein, þar sem eigendum beggja megin vatnsfalls virðist vera heimilað að nýta merkivatn til orkuframleiðslu án verulegra takmarkana.

Í 21. grein er fjallað um heimild til framkvæmda. Þar er eiganda fasteignar heimilað að taka vatn úr vatnsfalli um opinn skurð, pípu eða jarðgöng með þeim fyrirvara einum að ekki séu gerðar skemmdir á fasteignum annarra manna. Þörf fasteignaeiganda á að ráða því magni, sem tekið er, og vatninu skal aftur veitt í fornan farveg eftir notkun. Hér eru engir fyrirvarar varðandi áhrif á lífríki árinna, samráð við aðra hagsmunaaðila eða veiðifélag við ána. Ekki er heldur vísað til þess að málið þurfi að hljóta meðferð samkvæmt 41.- 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Í 22. grein er fjallað um breytingu á vatnsfarvegi. Þar segir orðrétt: *“Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, vikka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnyttjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.”* Greinin opnar verulega á alls konar framkvæmdir á vegum fasteignareigenda, sem gætu strítt gegn veiðihagsmunum í viðkomandi vatnsfalli og valdið ágreiningi innan veiðifélags. Jafnframt getur eigandi fasteignar samkvæmt skilningi frumvarpsins verið sumarbústaðaeigandi, sem eignast hefur lítinn hluta ár- eða vatnsbakka en hefur lítil sem engin veiðiréttindi. Hér þyrfti að vísa til þess, að aðilar þurfi að leita heimildar embættis veiðimálastjóra fyrir þessum framkvæmdum samkvæmt 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Á þetta er reyndar minnst í 35. grein laganna en ekki væri vanþörf á ítrekun í þessari grein. Sama gildir raunar um 23. grein sem fjallar um vatnsmiðlanir og 24. grein, sem heimilar aðila að veita vatni af landi sínu yfir á aðra aðila án þess að taka tillit til áhrifa á fiskgengd og lífríki vatnsins.

Samkvæmt 23. grein skal leita heimildar Orkustofnunar vegna vatnsmiðlunar, ef viðkomandi lón er yfir 1000 fermetrar. Einnig þarf að huga að minni lónum en þau er eðli sínu samkvæmt ótvírætt háð ákvæðum 41. og 43. greina laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, a.m.k. ef um fiskgengt vatnsfall er að ræða. Til að sinna leiðbeiningaskyldu væri eðlilegt að slíkt kæmi fram í vatnalögunum. Jafnframt þyrfti að vera umsagnarskylda frá embætti veiðimálastjóra vegna heimilda fyrir stærri lón.

Í 26. grein, þar sem fjallað er um aðgæsluskyldu, virðist fyrst og fremst hugsað til áhrifa framkvæmda á aðra eigendur fasteigna að því er varðar umferð og spjöll en ekki vikið að því að umræddar framkvæmdir skuli ekki hefta för göngufiska um viðkomandi vatnsfall og hafi ekki áhrif á starfsemi lögaðila eins og t.d. veiðifélags við viðkomandi á. Óásættanlegt er að hvergi skuli vera slíkir fyrirvarar í lögunum.


Í VIII kafla er fjallað um vatnafélög, sem mörg hafa verið starfandi samkvæmt lögnum frá 1923. Æskilegt væri að skilgreina samráðsskyldu vatnafélags við veiðifélag, ef það er starfandi á svæðinu, þar sem starfsemi þess fyrrnefnda getur haft veruleg áhrif á búsvæði laxfiska og jafnvel veiðistaði. Má í því sambandi benda á, að stofnun veiðifélaga við ár er lögboðin sbr. 44. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum.

Í 35. grein er fjallað um tilkynningaskyldu framkvæmda við ár og vötn til Orkustofnunar. Þar eru þó undanskyldar þær framkvæmdir, sem krefjast heimildar embættis veiðimálastjóra, en veiðimálastjóra falið að upplýsa Orkustofnun um þessar framkvæmdir. Þetta verður að teljast aðgengileg krafa, þótt hún auki nokkuð á kostnað og fyrirhöfn embættisins. Hinsvegar er rétt að leggja áherslu á, að flestar framkvæmdir við ár geta mögulega haft áhrif á fiskstofna og lífríki ána og ættu því að koma til skoðunar hjá stjórnslu veiðimála, annaðhvort sem leyfisveiting eða umsögn.

Í 36. grein er rætt um eftirlit Orkustofnunar með vatnsnýtingu og framkvæmdum samkvæmt vatnalögum. Í því tilfelli má benda á að embætti veiðimálastjóra hefur einnig nokkuð eftirlit með þeim framkvæmdum, sem heimilaðar eru samkvæmt 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði. Er þetta eftirlit að nokkru samhæft með veiðieftirliti, sem þó fer aðallega fram að sumarlagi.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við frumvarp til vatnalaga, 413. mál.

Virðingarfyllst

  
 Arni Ísaksson, veiðimálastjóri

Afrit: landbúnaðarráðuneyti